



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Minnisblað

Reykjavík, 1. mars 2021

Tilvísun: 202012-0882

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, c/o Steindór Dan Jensen.

Frá: Ólafi Þór Haukssyni héraðssaksóknara.

Efni: Afstaða héraðssaksóknara varðandi þau skattarefsimál sem eru til meðferðar hjá embættinu og dómstólum í tengslum fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á skattalögum.

Með tölvupósti 14. desember 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn héraðssaksóknara um frumvarp til laga um rannsókn og saksókn í skattalagabrotum (tvífold refsing, málsmeðferð), 373. mál. Embættið skilaði inn umsögn 11. janúar 2021 þar sem fram komu engar tillögur til breytinga á frumvarpinu þar sem embættið hafði gert athugasemdir á fyrri stigum við drög að frumvarpinu sem búið var að taka til greina. Undirritaður héraðssaksóknari var síðan boðaður til fjarfundar nefndarinnar 11. febrúar 2021 þar sem rædd var afstaða héraðssaksóknara til frumvarpsins og leyst úr spurningum nefndarmanna.

Rætt var meðal annars um þau skattamál sem eru nú til rannsóknar og dómsmeðferðar á grundvelli núgildandi skattalaga og því velt upp hvort ástæða væri til þess að fella þau mál niður við lagasetninguna eins og lagt er til í umsögnum frá Logos og KPMG og tekið er undir í umsögn PWC um frumvarpið.

Héraðssaksóknari leggst gegn því að fyrirhuguð lagabreyting hafi áhrif á þau mál sem nú eru til rannsóknar hjá embættinu eða til meðferðar fyrir dómi. Fyrir liggur að beiting álags á skattstofna í skattamálum og síðan refsimeðferð leiðir ekki sjálfkrafa til þess að um tvöfalda refsimeðferð sé að ræða í ljósi niðurstaðna Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Þvert á móti er fallist á það að hálfu MDE að unnt sé að beita álagi af hálfu álagningaraðila og refsimeðferð af hálfu ákærvalds séu málin rekin samþætt í tíma og efni af hálfu bæði skattayfirvalda og ákærvalds. Eftir þeirri niðurstöðu hafa síðan íslenskir dómstólar dæmt í skattamálum.

Þegar rannsókn sakamáls er lokið skal ákærandi taka afstöðu til þess hvort sækja skuli sakborning til saka eða ekki. Telji hann það sem fram hefur komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellist lætur hann við svo búið standa ella höfðar hann mál á hendur sakborningi, eins og segir í 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Við það mat ákæranda hvort refsímál vegna skattalagabrots skuli höfða eða ekki er einnig tekin afstaða til þess hvort málið sé þannig háttáð að það uppfylli áðurgreindan áskilnað MDE um samþættingu málsmeðferðar í tíma og efni. Ef þeirri samþættingu er ekki fyrir að fara þá höfðar ákærandinn ekki mál heldur lætur við svo búið standa, hann einfaldlega fellir niður skattamálið. Og það hafa orðið örlög allnokkurra

mála. Þar af leiðir að þau skattamál, þar sem beitt hefur verið álagi, sem nú eru rekin fyrir dómstólum af hálfu héraðssaksóknara standast þann áskilnað sem MDE hefur gert kröfu til um samþættingu í meðferð málanna í efni og tíma.

Héraðssaksóknari telur því ekki rétt að Alþingi hlutist til um með lagasetningunni að raska grundvelli þeirra mála sem nú eru til meðferðar þar sem hann telur að meðferð þeirra ekki ganga í berhöggi við dóma MDE. Auk þess að hafa neikvæð áhrif á fyrirsjáanleika refsimála þá gæti slík breyting einnig vakið upp álítaefni varðandi endurupptöku allra þeirra skattamála sem dómur hefur verið lagður á hér á landi eftir dóm MDE með ófyrirséðum afleiðingum.

Héraðssaksóknari,


Ólafur Þór Hauksson.

